

að partil fengnum myndugleika frá ráðgjafanum fyrir Ísland veitt eptirgjöf á leigum og 44
frestur á greiðslu afborgana til ársloka 1887 af hallærisláni því, að upphæð 6000 kr., 14. marz.
er tjeð sýsla fjekk úr landssjóði 30. sept. 1884, móti því að frá þeim tíma greiðist af
láni þessu 4% í árlega vexti og að $\frac{1}{8}$ hluti þess endurborgist síðan á ári hverju.

Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vestur- 45
amtinu um eptirgjöf vaxta af hallærisláni. — Með brjefi þessu var Mýrasýslu sam- 14. marz.
kvæmt 4. gr. fjárlaganna fyrir árin 1886 og 1887 og að partil fengnum myndugleika
frá ráðgjafanum fyrir Ísland veitt eptirgjöf á leigum fyrir árið 1886 af láni því, að upp-
hæð 3200 kr., er nefnd sýsla fjekk úr landssjóði til fjenaðarkaupa árið 1884.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 46
niðurlagningu þurraúða tilheyrandi þjóðjörð. — Með þóknanlegu brjefi 14. p. m. 23. marz.
hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað ásamt ummælum umboðsmanns Arnarstapa- og
Skógarstrandarumboðs erindi Tómasar bónda Eggertssonar á Ingjaldshóli þarsem þess er
farið á leit að leyft verði að 5 þurraúðir tilheyrandi umboðsjörðunni Hallsbæ megi á næsta
vori leggja niður og selja við opinbert uppboð, og hafið þjer jafnframt lagt það til, að samþykkt
verði að nefndar 5 þurraúðir verði lagðar niður nú í vor, eptir að lögleg úttekt á þeim
hefir farið fram og viðirnir og annað fjemætt úr þeim verði selt við opinbert uppboð,
en að viðkomandi umboðsmaður gjöri grein fyrir uppboðsandvirðinu og álagi því, er gjört
kann að verða við úttekt þurraúðanna, í næsta umboðsreikningi sínum.

Fyrir því undanfelli jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður, herra amtmaður, til
þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að jeg hjermeð fellst á að nefndar 5
þurraúðir verði lagðar niður á komandi vori með þeim skilyrðum, sem þjer hafið
stungið uppá og að framan er ávikíð.

Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu 47
um eptirgjöf á leigum og frest á greiðslu afborgana af hallærisláni. — Með brjefi 24. marz.
þessu var Húnavatnssýslu samkvæmt 4. gr. fjárlaganna fyrir árin 1886 og 1887 og að
partil fengnum myndugleika frá ráðgjafanum fyrir Ísland veitt eptirgjöf á leigum og
frestur á greiðslu afborgana til ársloka 1887 af hallærisláni því, að upphæð 900 kr., er
tjeð sýsla fjekk úr landssjóði árið 1884, móti því að frá þeim tíma greiðist af láni
þessu 4% í árlega vexti og að $\frac{1}{8}$ hluti þess engurborgist síðan á ári hverju.

Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um bráðabirgðauppþót handa 48
fátækum brauðum. — Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu 31. marz.
brjefi, dags. 26. p. m., vil jeg hjermeð fallast á, að eptirnefndum prestaköllum verði af
fje því, sem ræðir um í 13. gr. A. b. 2. fjárlaganna fyrir árin 1886 og 1887, veitt
bráðabirgðauppþót sú fyrir næstkomandi fardagaár, sem hjer segir:

1. Staður í Grindavík 300 kr.

2. Staður í Aðalvík 600 —

Flyt 900 kr.